



HRUNAMANNAHREPPUR

11. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

17. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 30. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 15.30 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 23. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 2. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Sveitarstjórn fagnar góðum hugmyndum að viðburðum og hvetur íbúa til að taka þátt eftir bestu getu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 15. nóvember sl. og greinargerð frá aðalfundi Samtaka forstöðumanna sundstaða á Íslandi.

Lögð fram fundargerð 3. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að morgunopnun í sundlaug og íþróttahúsi verði haldið áfram. Varðandi félagsmiðstöðina felur sveitarstjórn sveitarstjóra ásamt formanni nefndarinnar að vinna málið áfram. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar vegna Flúðaskóla frá 14. nóvember sl.

Fundargerð 3. fundar Skólanefndar vegna Flúðaskóla.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Umhverfisnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 22. nóvember sl.

Fundargerð 2. fundar Umhverfisnefndar.

Sveitarstjórn telur hugmyndir nefndarinnar varðandi umferðaröryggi og nýtnivíku áhugaverðar og hvetur til að unnið verði með þau mál áfram. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Veitustjórn: Fundargerð 4. fundar frá 21. nóvember sl.

Fundargerð 4. fundar Veitustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

6. Fundargerð 250. fundar skipulagsnefndar frá 23. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 250. fundar skipulagsnefndar frá 23. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. nóvember sl.

Lagt fram til kynningar.

7. **NOS: Fundargerð stjórnar frá 24. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð stjórnar NOS.

Varðandi lið 1, staða Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss úr Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. Útgangan miðast við í síðasta lagi 1. mars 2023 og að öll aðildarsveitarfélög hafi komist að samkomulagi um eignir, skuldir og yfirfærslu á málum sem eru í vinnslu hjá skóla- og velferðarþjónustu sem og öðru er leysa þarf úr fyrir útgöngu sveitarfélaganna.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að framlengja skipunartíma Bjarneyjar Vignisdóttur í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings til 1. mars 2023 sem og varamanns hennar Katrínar Þorvaldsdóttur til sama tíma.

8. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs.: Fundargerð 57. fundar frá 9. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 57. fundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs.: Fundargerð 58. fundar frá 16. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 58. fundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

10. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 18. nóvember 2022.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu þar sem vakin er athygli á því að drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Lagt fram til kynningar.

11. **Umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 28. nóvember 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (gjaldstofn fasteignaskatts), 63. mál.

Lagt fram til kynningar.

12. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 18. 11. 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um öruggt farsímasamband á þjóðvegum, 46. mál.

Lagt fram til kynningar.

13. **Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 22. nóvember 2022.**

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um mögulega afturköllun staðfestingar mennta- og barnamálaráðherra á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir að Óskari Sigurðssyni, hjá LEX lögmannsstofu verði falið að svara erindinu.

14. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 15. nóvember 2022.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna birtingar á nýrri spá Hagstofu Íslands um efnahagsþróun til næstu ára og forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árin 2023-2026.

Lagt fram til kynningar.

15. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 18. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna undirbúnings fyrir kjaraviðræður. Þar óskar sambandið eftir undirritun umboðs og samkomulags vegna öflunar upplýsinga með rafrænum hætti.

Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja fullnaðarumboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga til gerðar kjarasamninga fyrir hönd Hrunamannahrepps. Jafnframt skuldbindur sveitarfélagið sig til að afhenda sambandinu upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna Hrunamannahrepps með rafrænum hætti eða í gegnum svokallað gagnalón. Einnig heimilar Hrunamannahreppur að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við Sambandið.

16. Bréf frá ADHD samtökunum frá 16. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá ADHD samtökunum þar sem samtökin óska eftir samstarfi við Hrunamannahrepp um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu, um ADHD og fyrir fólk með ADHD. Samstarfið gæti verið í formi reglulegs námskeiðshalds fyrir starfsmenn sveitarfélagsins sem vinna með börnum með ADHD eða beins styrks við starfsemi ADHD samtakanna á Suðurlandi. ADHD samtökin óska eftir styrk allt að kr. 500.000.

Því miður sér sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu en möguleiki er að frekar verði tekið jákvætt í erindi um fjárveitingu til námskeiða eða fyrirlestra í sveitarfélaginu.

17. Bréf frá Sjóðnum góða frá 17. nóvember 2022

Lagt fram bréf frá Sjóðnum góða þar sem óskað er eftir stuðningi við sjóðinn.

Þar sem félagsþjónusta Árnespings er aðili að verkefninu þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að kanna framlög sem koma frá sveitarfélögum þar í gegn til sjóðsins.

18. Bréf frá Ísor ódagssett.

Lagt fram bréf frá Ísor þar sem kynnt er úttekt á stöðu og framtíðarhorfum nýtingar jarðhita til húshitunar.

Sveitarstjórn felur veitustjóra að svara erindinu en erindið er jafnframt sent veitustjórn til kynningar.

19. Bréf frá Íslensku lögfræðistofunni frá 14. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá Íslensku lögfræðistofunni vegna kröfu frá eigendum fasteignanna að Högnastíg 3, 4, 5, 6, 10 og 12 ásamt eiganda fasteignarinnar að Högnastöðum um endurgreiðslu á gatnagerðargjöldum.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu að höfðu samráði við lögmann sveitarfélagsins.

20. Bréf frá umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags frá 6. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags með beiðni um að skipað verði í stýrihóp í stað Jóns Valgeirssonar.

Sveitarstjórn skipar Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra, í stýrihópinn og varamaður hennar verði Jón Bjarnason. Aðrir aðilar í stýrihópnum verði Bjarney Vignisdóttir, Sigfríð Lárusdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir sem verður áfram umsjónarmaður verkefnisins. Varamenn verði: Katrín Þorvaldsdóttir, Heimir Sigurðsson og Daði Geir Samúelsson.

21. Bréf frá stafrænu umbreytingarteymi Sambandsins frá 22.nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá stafrænu umbreytingarteymi Sambandsins þar sem verkefni fyrir sameiginlegt spjallmenni sveitarfélaga er kynnt og óskað eftir staðfestingu á þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu.

Þar sem vinna við uppsetningu nýrrar heimasíðu er á frumstigi þá telur sveitarstjórn ekki rétt að flækja það mál með uppsetningu spjallmennis á þessu stigi. Væntanlega er mögulegt að skrá sig til þátttöku síðar ef vilji reynist til þess.

22. Fjárhagsáætlun 2023: Fyrri umræða. Ásamt drögum að þriggja ára áætlun 2024-2026

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps vegna ársins 2023, til fyrri umræðu ásamt drögum að þriggja ára áætlun árána 2024 – 2026. Á fundinum kynnti sveitarstjóri einnig greinargerð sem lögð verður fram í endanlegri mynd við síðari umræðu fjárhagsáætlunar sem fram mun fara þann 15. desember 2022.

Helstu forsendur við gerð fjárhagsáætlunar voru að álögum á íbúa skyldi haldið í lágmarki án þess þó að rekstri sveitarfélagsins sé stefnt í tvísýnu. Einnig er lagt upp með að þjónusta við íbúa sé eins góð og kostur er og taki mið af síbreytilegum kröfum þróttmikils sveitarfélags.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023 við fyrri umræðu:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta neikvæð um 15,7 m.kr..
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um kr. 69.000,-
- Skuldaviðmið áætlað um 80,4% í árslok 2023.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er áætlað 141,8 m.kr. eða 9% af heildartekjum.
- Útsvarsprósenta óbreytt, eða 14,52%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkuð úr 0,49% í 0,48%.
- Almenn gert ráð fyrir að gjaldskrár fyrir árið 2023 hækki í samræmi við verðbólgu síðastliðins árs.
- Áætlaðar fjárfestingar nema 390 m.kr..

Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2023 sem og þriggja ára áætlun árána 2024-2026 til síðari umræðu sem fram mun fara á næsta fundi sveitarstjórnar.

23. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars og fasteignagjalda ásamt öðrum gjaldskrár 2023.

Lögð fram tillaga að álagningarprósentu útsvars og tillaga að álagningahlutfalli fasteignagjalda.

Sveitarstjórn samþykkir að álagningarprósenta útsvars árið 2023 verði óbreytt frá fyrra ári og verði því 14,52%.

Sveitarstjórn samþykkir einnig eftirfarandi tillögu um álagningarprósentu fasteignaskatts og lóðarleigu fyrir árið 2023:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki 0,48% af fasteignamati.
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki 1,32% af fasteignamati.

Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki 1,32% af fasteignamati.

Lóðarleiga verði 0,5% af fasteignamati.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að jafnaði um sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðna 12 mánuði eða um 9,33%. Þó eru einstaka undantekningar á þeirri reglu. Má þar nefna að ýmis gjöld tengd sorphirðu eru eingöngu hækkuð um 6-7% milli ára en áætlanir gera ráð fyrir að sú upphæð dugi fyrir rekstri á því sviði. Gjöld hitaveitu hafa ekki haldið í við verðlagsþróun síðustu ára og því hækka þau nú umfram verðlagsþróun í einstaka liðum. Einnig munu verða breytingar á gjaldtöku í íþróttamannvirkjum þar sem árskort í íþróttamannvirkni hækka einungis óverulega eða um 3%. Er sú ákvörðun tekin með heilsueflandi sjónarmið að leiðarljósi.

Gerð tillaga um að öll börn á grunnskólaaldri, búsett í sveitarfélaginu, fái gjaldfrjálsan aðgang að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar).

Sveitarstjórn samþykkir tillögur að gjaldskrár sem hér eru lagðar fram fyrir önnur fasteignagjöld, dýraleyfisgjöld, mótuneyti, skólavistun og gjaldskrá íþróttamannvirkja en nefndir sveitarfélagsins hafa þegar fjallað um allar gjaldskrár sem undir þær heyra.

Ákvörðun um leikskólagjöld frestað til síðari umræðu vegna frestunar á fundi skólanefndar.

24. Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps 2023.

Lögð fram gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

25. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi 2023.

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

26. Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi 2023.

Lögð fram gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

27. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2023.

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

28. Gjaldskrá Hrunaljóss 2023.

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

29. Skrá yfir störf hjá Hrunamannahreppi sem eru undanþegin verkfallsheimild.

Lagður fram listi yfir störf hjá Hrunamannahreppi sem eru undanþegin verkfallsheimild.

Sveitarstjórn samþykkir listann og felur sveitarstjóra að afla heimilda viðkomandi stéttarféлага og auglýsa listann í samræmi við lög þar um.

Verkfundargerðir:

- a. Miðlunargeymir Berghylsfjalli: Verkfundargerð 20. fundar.**
Fundargerðin samþykkt.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- b. Svæðisskipulag Suðurrhálendis: Fundargerð 21. fundar frá 25. október sl.**
Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 589. fundar stjórnar frá 4. nóvember sl.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2021.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Samstarfsyfirlýsing um rafræn skjöl.**
Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

- f. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 53. fundar stjórnar frá 11. nóvember sl.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aðalfundar frá 11. nóvember 2022.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Gullna hringborðið: Fundargerð frá 23. nóvember 2022.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:03.